

Nd.

477. Breytingartillögur

[124. mál]

við frv. til 1. um fuglaveiðar og fuglafriðun.

Frá Gísla Guðmundssyni.

1. Við 3. gr. Aftan við 1. málsg. bætist: í réttu hlutfalli við afnotarétt lands, nema samkomulag verði um aðra skipan.
2. Við 5. gr. 2. málsg. orðist svo:
Afréttir og almenningar, er liggja utan lögbýla og enginn getur sannað eignarrétt sinn til, skulu friðaðir fyrir allri fuglaveiði og eggjatöku. Þó getur ráðherra veitt valinkunnum mönnum veiðileyfi þar um takmarkaðan tíma og takmarkað leyfi til eggjatöku, enda komi meðmæli fuglafriðunarnefndar til hverju sinni.
3. Við 6. gr. Greinin orðist svo:
Föstum starfsmönnum við dýrafræðideild Náttúrugripasafns Íslands í Reykjavík skal heimilt hvar sem er að rannsaka fuglalíf, taka myndir og merkja fugla, en að skjóta fugla og taka egg þeirra aðeins í samráði við og með samþykki hlutaðeigandi landráðanda og í óbyggðum aðeins með leyfi ráðherra.
4. Við 8. gr.
 - a. Í stað „20. ágúst“ í c- og d-liðum komi: 20. september.
 - b. f-liður orðist svo:
Frá 1. september til 20. apríl: lómur, litla toppönd.
 - c. Í stað „15. október til 31. desember“ í g-lið komi: 1. nóvember til 22. desember.
5. Við 19. gr. Greinin orðist svo:
Eigi má nota flugvélar, bifreiðar, vélbáta né önnur vélknúin farartæki á landi eða vötnum til fuglaveiða eða til að elta uppi fugla eða reka. Til fuglaveiða á sjó má eigi nota vélknúna báta, sem ganga meira en 9 sjómílur á klukkustund.
6. Við 20. gr.
 - a. 1. málsg. orðist svo:
Eigi má nota net til fuglaveiða nema háfa.
 - b. 3. málsg. falli niður.